



Ársskýrsla Æskulýðsstarfs Hestamannafélagsins Loga
2014-2015



Æskulýðsnefnd Loga

Pórey Helgadóttir

Freydís Örlygsdóttir

Katrín Rut Sigurgeirsdóttir

Linda Karlsson

Helga María Jónsdóttir

Æskulýðstarf Loga var með nokkuð hefðbundnu sniði þetta árið, en að vanda hefjumst við handa með uppskeruhátðinni sem haldin er að á hverju hausti. Þar kynnum við dagskrá næsta árs og förum yfir líðandi starfsár ásamt því að veita Feykiskjöldinn.

Í október endurvöktum við hnakkaprif í Fellskotu, pöntuðum pizzu og höfðum gaman. Unglingar og ungmenni fóru hins vegar í heimsókn til Olíu og Bergs í Syðri-Gegnishólum og fengum flotta kynningu á starfseminni þar.

Álfareiðin var haldin í ár í fallegu veðri og gengið var frá Aratungu að Friðheimum með kóng og drottningu í broddi fylkingar.

Uppsveitadeildin var að vanda haldin í Flúðahöllinni í samstarfi við Smára og hafa æskulýðsnefndirnar ávallt séð um mótahaldið. Þetta er fimmta árið sem mótaröðin er haldin og krakkarnir taka stöðugum framförum.

Tvenn námskeið voru í boði hjá okkar krökkum að þessu sinni. Hið árlega reiðnámskeið í Hrísholti var haldið í ár og var kennari Rósa Birna Þorvaldsdóttir. Einnig bauðst okkur að taka þátt í reiðnámskeiði með Æskulýðsdeild Smára sem er haldið ár hvert í Hestheimum.

Annað mótahald má nefna : Vetrarmótin sem eru í samstarfi við Trausta, firmakeppni Loga á vordögum , tölmtót Loga, Trausta og Smára sem er haldið í Flúðahöllinni. Hestaþing Loga sem var sameinað með gæðingamóti Smára að þessu sinni og skemmtileg nýjung sem heitir Brokk og skokk.

Eins og gengur og gerist úti á landi koma sveiflur í árganga og áhugamál og var barnaflokkurinn okkar á líðandi ári ekki stór svo nú reynir á æskulýðsnefndina að koma nýjum og ferskum krökkum inn.

Mikið og gott samstarf hefur skapast með Smára , nágrannahestamannafélaginu okkar í gegnum uppsveitadeild Æskunnar og er samstarfið alltaf að vinda upp á sig. Viljum við meina að það sé bara styrkur fyrir börn og aðstandendur þegar fleiri hendur vinna verkin og fleiri hugmyndir koma upp á borðið. Við þökkum nágrönnum okkar kærlega samstarfið!



Uppskeruhátíðin

Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndarinnar var haldin 9. október en þar koma krakkarnir saman ásamt foreldrum. Við förum yfir árið og kynnum dagskrá næsta árs og gæðum okkur á veitingum.

Undafarin ár höfum við fengið aðstöðu í skólanum okkar en að þessu sinni breyttum við til og héldum hátíðina í Reiðhöllinni á Flúðum. Enginn fyrirlesari var að þessu sinni en yngri kynslóðin kunni vel að meta plássið í höllinni til að fara í fótbolta og eltingjaleiki. Alltaf gaman að breyta til og prófa nýja staði en ókosturinn er að vera ekki í hverfinu í okkar sveitarfélagi og við fundum fyrir því að ekki mættu eins margir og undanfarið. Að þessu sinni verðlaunuðum við öll börn, unglinga og ungmenni með viðurkenningarskjölum, sem höfðu tekið þátt í námskeiði og/eða keppni á árinu.

Hápunkturinn á þessu kvöldi hefur verið þegar að farandgripurinn Feykir er veittur en hann kemur í hönd þess barns eða unglings sem með framkomu sinni og dugnaði er öðrum góð fyrirmynd og að þessu sinni hlaut Sölvi Freyr Jónasson gripinn og er hann vel að honum komin.



Hnakkapríf

Eftir smá pásu í hnakkaprífum var ákveðið að endurvekja þessa skemmtilegu hefð. Fengum við að venju aðstöðu í Fellskoti. Góð mæting var þennan dag og bíða börn spennt eftir að mæta aftur með hnakkana sína í alþríf ☺

Undanfarið höfum við boðið upp á pylsur og kökur en að núna breyttum við til og pöntuðum pizzu frá veitingastaðnum Mika í Reykholti og fóru allir glaðir og saddir til síns heima.

Vettvangsferð

Í ár var haldið í Syðri-Gegnishóla til Olil og Bergs með unglingana. Sýndu þau okkur glæsilega aðstöðu sína. Einnig fengum við að sjá unga og efnilega stóðhesta og sögðu okkur frá hvernig þau háttaðu tamningum og þjálfun á sínum hestum og fengum við að sjá þjálfun frá gólfi og í hnakknum. Mjög áhugavert og skemmtilegt.

Eftir heimsóknina fórum við á Kaffi Krús á Selfossi og fengum glæsilegt pizzahlaðborð og eins mikið og hver vildi, mjög góður dagur.



Álfareið

Álfareiðin var farin þetta árið og var 8. Janúar dagsetningin að þessu sinni. Góður hópur lagði af stað frá Aratungu og hélt í Friðheima þar sem drukkið var kaffi og kakó og dýrindiskökur voru borðaðar. Sungnir voru álfasöngvar á leiðinni og gengið var með blys. Veðrið var gott, þátttakan var góð og allir urðu rjóðir í kinnum. Álfadrottning og Álfakóngur leiddu gönguna og kom það í hlutverk þeirra Þórhildar Júlíu Sæmundsen og Fjölnis Þórs Morthens að sinna því.



Reiðnámskeið

Hrísholt snámskeið

Í ár var aðsókn að reiðnámskeiðinu okkar í Hrísholti mjög góð og voru 23 börn og unglingar skráð til leiks. Kennari að þessu sinni var Rósa Birna Þorvaldsdóttir og er hún algjörlega frábær og nær svo vel til barnanna og er ekki annað að sjá að við eigum flotta upprennandi knapa sem eru að koma inn í barnaflokkinn núna næstu ár.

Aðstaðan í Hrísholti er góð til námskeiðahalds. Hesthús, girðing fyrir hross yfir nóttina, stórt og gott kennslugerði og góður hringvöllur og hún var stór stundin þegar Rósa arkaði með yngstu knapana á völlinn og leyfði þeim að sýna kunnáttu sína 😊

Veðrið var til friðs alla daga nema fyrsta daginn, undir kvöldið var ákveðið að hætta kennslu og færa hópana sem eftir voru yfir á laugardaginn. Grenjandi rigning og hávaðarok en ótrúlegt hvað ungdómurinn var harður af sér.



Hestheimaferð

Farið var í Hestheima helgina 29-31. maí. Ákveðið var að fara í sameiginlega ferð með hestamannafélaginu Smára. Þátttaka var mjög góð og mikill spenningur fyrir þessari ferð. Fólkið í æskulýðsnefndum beggja félaga skipti með sér verkefnum.



Börnunum var skipt í hópa og unnið á stöðvum, bóklegum og verklegum. Reiðkennari var fengin til að segja krökkunum til og að þessu sinni var það Guðmann Unnsteinsson. Hestar voru snyrtir og skreyttir og á föstudagskvöldinu var haldin hestahárgreiðsusýning. Reiðtygi voru þrifuð og farið var í útreiðatúra um nágrennið. Á laugardagskvöldinu var haldin kvöldvaka þar sem farið var í hestaquest og borðað nammi og sagðir brandarar. Á sunnudeginum héldu börnin hestasýningu fyrir foreldra. Helgin tókst vel í alla staði.

Mótin á árinu.

Uppsveitadeild Æskunnar.

Uppsveitadeild Æskunnar var haldin í fimmta sinn, en þetta er mótaröð sem hestamannafélögin Logi og Smári standa sameiginlega að. Uppsveitadeildin er bæði liðakeppni milli félaganna og einstaklingskeppni, en keppt er í barna og unglingaflokki. Keppt er í reiðhöllinni á Flúðum og eru mótin alls þrjú talsins.

Fyrsta mótið var haldið 7. mars, þá var keppt í þrigangi barna og fjórgangi unglinga.

Annað mótið var haldið 11. apríl, þá var keppt í tölti og fjórgangi barna og tölti og fimmgangi unglinga.

Að lokum var síðasta mótið haldið 10. maí og þá var keppt í smala og fljúandi skeiði. Þátttaka á þessum mótum er mjög góð, en er samt alltaf best þegar keppt er í smalanum. Þessi mótaröð hefur tekist mjög vel og er vikilega ánægjulegt að sjá hversu keppendum hefur farið mikið fram frá því mótið var haldið fyrst. Síðan er ekki síður ánægjulegt hversu vel samstarf hestamannafélaganna hefur gengið og hversu vel krakkarnir í félögunum hafa náð saman. Reynslan af Uppsveitadeild Æskunnar er það góð að þessi mótaröð er örugglega „komin til að vera“ næstu árin.

Vetrarmót

Hestamannafélögin Logi og Trausti halda sameiginleg vetrarmót ár hvert og skiptast félögin á að halda mótin. Þetta eru þrjú mót samtals sem haldin eru í febrúar, mars og apríl.

Vetrarmótin eru fyrstu mótin á árinu hjá börnum og unglingum og er mikil tilhlökkun fyrir þessum mótum.

Firmakeppni

Firmakeppnin okkar er haldin ár hvert laugardaginn eftir reiðnámskeiðið í Hrísholti, að þessu sinni 13. júní. Mjög góð þátttaka var á mótinu og helst það yfirleitt í hendur við skráningu á námskeiðið. Hrossin eru geymd á staðnum og er þetta yfirleitt lokahnykkurinn á námskeiðinu. Reynt er að hafa marga flokka svo börnin finna eitthvað við sitt hæfi. Pollaflokkurinn skiptist í teymt undir eða ríða sjálf og þurfti að þessu sinni að skipta pollaflokknum sem reið sjálfur í tvo hópa. Barnaflokkur (10-11 ára), krakkaflokkur (12-13

ára), unglíngaflokkur og ungmennaflokkur.

Veðrið var gott sem skipar stóran sess á svona móti og í lokin bauð Logi upp á grillparty.

Tölmót Loga, Trausta og Smára

Í ár var tölmót Loga, Trausta og Smára haldið í annað sinn eftir smá hlé en það hafði gengið brösulega að halda þetta mót þar sem mikið er um mótahald. Mótið var haldið í Flúðahöllinni og eins og í fyrra var það miðvikudagskvöldið fyrir skírdag sem varð fyrir valinu sem í ár var 1. apríl. Þáttaka var nokkuð góð þrátt fyrir slæmt veður. Vonandi er þetta mót komið til að vera.

Gæðingamót

Hestaping Loga var með breyttu sniði. Að þessu sinni var gæðingamótið okkar sameinað með hestamannafélaginu Smára og var það haldið að Flúðum 25.-26. júlí og var þetta opið mót.

En Hestapingið okkar var alltaf eingöngu opið fyrir hross í eigu félagsmanna.

Mótið tókst í alla staði vel, aðstaða góð, veðrið fínt og stemmningin var góð. Eitt sem við í Æskulýðsnefnd söknuðum var að ekki var pollaflokkur að þessu sinni sem hefur alltaf verið á Hestapingi Loga. Krakkarnar hafa riðið 2 hringi og allir hafa fengið verðlaun og skorum við á mótanefnd að ári að endurskoða þennan flokk. Það tekur ekki langan tíma fyrir börnin að fara þessa hringi en gleðin varir mun lengur

Brokk og skokk

Okkur var boðið að taka þátt í nýlegri keppni er nefnist brokk og skokk. Keppnin er liðakeppni og byggist upp á einum hest og tveimur knöpum sem skiptast á að ríða og hlaupa. Tvær vegalengdir eru í boði, fjölskylduhringur sem er 2,8 km og íþróttahringur sem er 6,1 km. Allir keppendur skulu vera í öryggisvesti og allir knapar með hjálm.

Í meginmáli eru allir ræstir af stað í einu, á nokkrum stöðum eru stöðvar með 3 starfsmönnum og þegar knapi kemur að stöð getur hann farið af baki, fengið starfsmann til að halda í hest og hlaupið af stað. Svo kemur liðsfélagi og tekur við hestinum af starfsmanni og ríður af stað og getur skilið hestinn eftir á næstu stöð og svo koll af kolli. Í fjölskylduhring þarf að skipta 1 sinni um knapa á leiðinni en í íþróttahring þarf að skipta 4

sinum.

Að þessari keppni standa Ungmennafélög, Gnúpverja, Skeiða og Hrunamanna ásamt hestamannafélagi Smára. Og komu margir sjálfboðaliðar að þessu.

Eins og í flestum utandyra viðburðum skiptir veðrið miklu máli og í ár voru veðurguðirnir hliðhollir okkur. Þessi keppni var hin mesta skemmtun og þökkum við kærlega fyrir að hafa verið boðið að taka þátt í þessu ☺
Hérna er slóð til að sjá betur um hvað þetta snýst.

<https://www.youtube.com/watch?v=z7ylJoUv9Z8>

Á öllum þessum mótum áttum við flottan hóp af upprennandi knöpum í unglinga og ungmennaflokk. Nokkrir krakkar tóku síðan þátt í ýmsum fleiri mótum eins og Íslandsmótinu, Suðurlandsmótinu og ofl. og stóðu sig öll mjög vel.

Kær Kveðja
Æskulýðsnefnd Loga

